

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 21/98
frá 27. mars 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 64/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 522/96 frá 26. mars 1996 um breytingu á
reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá
þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91 og um breytingu á reglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 529/95 um frestun, að því er varðar innflutning frá tilteknum
þriðju löndum, á gildistöku ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um
lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og
matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 314/97 frá 20. febrúar 1997 um breytingu á
reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er
á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og
merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 35 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 126.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 77, 27. 3. 1996, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 51, 21. 2. 1997, bls. 34.

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **396 R 0522:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 522/96 frá 26. mars 1996 (Stjtíð. EB nr. L 77, 27. 3. 1996, bls. 10),
- **397 R 0314:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 314/97 frá 20. febrúar 1997 (Stjtíð. EB nr. L 51, 21. 2. 1997, bls. 34).”.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 522/96 og (EB) nr. 314/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner